


Starfsáætlun Kirkjubólsskólaárið 2017 – 2018

Nýbreytni í starfinu:

1. Áherslur leikskólans eru lífsleikni, sköpun og umhverfi, þær verða rauður þráður í starfinu okkar í vetur.
2. Focus child – Barnið í brennidepli. Heiði sem er deildin með elstu börnin ætlar að þróa áfram verkefni sem við vorum með síðustu ár í tengslum við Erasmus+ og snýr það að því að setja tvö börn í hverri viku í þau verkefni sem börnin taka að sér á deildinni og endar svo vikan með foreldrasamtölum fyrir þessi börn. Þannig dreifast samtölin á allt árið.
3. Við ákváðum að taka ekki að okkur ný þróunarverkefni á þessu ári þar sem miklar breytingar hafa verið í starfsmannahópnum. Nýr leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjóri og annað starfsfólk og er nauðsynlegt að vinna að því að koma stöðuleika á í starfsmannahópnum.



Áherslur í starfinu:

Fjölgreindir – markviss tenging starfsins við fjölgreindir.

Sjálfsþekkingar- og samskiptagreind á haustmánuðum og fram á vetur.

Markmið: er að efla samkennd og lýðræðisleg vinnubrögð hjá börnunum, ásamt því að efla sjálfsvitund, sköpun, tjáningu og umburðarlyndi.

Tónlistargreindin tekur við fram yfir áramót.

Markmið: að kynnast fjölbreyttum hljóðfærum /hljóðgjöfum og efla hlustun og hugtakaskilning.

Rök- rýmis- og stærðfræðigreind tekur svo við á nýju ári fram á vormánuði.

Markmið: að efla skilning á stærðfræðihugtökum, talnaskilning og læra að þekkja form og liti. Ásamt því að efla skynjun á rými, speglun, mynstri, rökhugsun, flokkun, mælingu og hvetja til athugana og rannsókna .

Umhverfis- og hreyfigreind verða aðal áherslurnar í apríl og maí.

Markmið: að efla áhuga og skilning á náttúru og dýralífi, ásamt því að efla ábyrgðarkennd gagnvart náttúrunni og vinna með endurvinnslu og flokkun á sorpi. Fara í vettvangsferðir og njóta náttúrunnar þegar við eflum þol, þrek og úthald

Vinur okkar Lubbi – Var þróunarverkefni hjá okkur síðastliðinn vetur í markvissri málörvun. Verkefnið byggir á efninu Lubbi finnur málbein og vegna mikilla ánægju með það ætlum við að dýpka efnið enn frekar á eldri deildum í vetur. Lubba námsefnið er mjög gott í þá vinnu þar sem áhersla er á íslensku máhljóðin, tákni með þeim og leikir. Táknrænu hreyfingarnar sem fylgja hverju máhljóði gerir þannig kleift að nýta efnið með ungum börnum sem eiga oftast auðveldara að mynda hreyfitákn en orð. Ávinningur verkefnisins fyrir skólann verður markvissara starf í tengslum við læsi og eflingu málþroska með yngstu börnunum og áframhaldandi þróun á markvissri málörvun með eldri börnum leikskólans. Einnig aukin samfella í markvissri málörvun á milli deilda, frá yngstu börnum til þeirra elstu með aukinni áherslu á máhljóðin, tákni og bókstafi frá upphafi leikskólagöngu.

Vinátta í leikskólanum – Verkefnið er vináttuverkefni Barnaheilla og er forvarnarverkefni gegn einelti. Öll börn fá bangsann Blæ sem á heima í leikskólanum og hjálpar okkur þegar okkur líður illa. Bangsinn er einnig partur af vináttustundum sem verða í skipulögðum stundum í vetur. Þar er unnið með umburðalyndi, umhyggju, hugrekki og virðingu.

Velferð barna og ungmenna í Garðabæ er liður í því að setja fram heildstæða stefnu í málaflokkunum Jafnrétti – kynheilbrigði og velferð á öllum skólastigum meðal skólstofnanna í bænum, íþrótt- og tómstundafélaga í Garðabæ. Í skólanum er starfrækt velferðarteymi sem tekur á málum ef grunur vaknar um vanrækslu eða ofbeldi.

Ferilmöppur barnanna er verkefni sem unnið var síðustu ár í þróunarverkefni og ætlum við að vinna áfram með það verkefni þar sem það hjálpar okkur að finna styrkleika hvers barns fyrir sig með skráningum.

September 2017
Ásta Kristín Valgarðsdóttir
Leikskólastjóri